

Fréttatilkynning frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur

Reykjavíkurlaikarnir - Íþróttahátíð í Reykjavík 21.-31.janúar

Alþjóðlegu Reykjavíkurlaikarnir fara fram í níunda sinn dagana 21.-31.janúar næstkomandi. Það er Íþróttabandalag Reykjavíkur í samstarfi við sérsambönd ÍSí og íþróttafélögin í Reykjavík ásamt dyggum samstarfsaðilum sem standa að leikunum.

Reykjavíkurlaikarnir eru mikil íþróttahátíð þar sem keppt er í 22Â einstaklingsíþróttagreinum. Flestir mótshlutarnir fara fram í Laugardalnum og nágrenni hans. Keppnin skiptist niður á tvær mótshelgar en einnig er ráðstefna um afreksíþróttir hluti af dagskránni. Hér á heimasíðu leikanna má finna lista yfir íþróttagreinar og dagskrá:Â

<http://rig.is/schedule>

Hér má finna upplýsingar um ráðstefnuna:

<http://rig.is/index.php/lectures-100>

Reiknað er með að á fimmta hundrað erlendra gesta komi á Alþjóðlegu Reykjavíkurlaikana í ár ásamt um 2.000 íslenskum íþróttamönnum. Margt af besta íþróttafólki okkar Íslendinga verður á meðal þátttakenda. Má þar nefna sundkonuna og íþróttamann ársins Eyglóu Ósk Gústafsdóttur, frjálsíþróttakonurnar Anítu Hinriksdóttur og Hafðísi Sigurðardóttur og Ólympíufarana Þormóð Jónsson júdókappa og Ásgeir Sigurgeirsson skotíþróttamann. Einnig eru margir mjög sterkir erlendir keppendur væntanlegir til landsins vegna leikanna í ýmsum greinum eins og t.d. Mie Østergaard Nielsen, Evrópu- og heimsmeistari í sundi, og Dwain Chambers, sem hefur unnið til fjölda verðlauna á heims og Evrópumótum.

RÚV verður með ellefu útsendingar og samantektarþætti um leikana.

Hvetjum fólk til að merkja við í dagatalið og búa sig undir skemmtilega íþróttahátíð.

Upplýsingar um Reykjavíkurleikana má finna á eftirfarandi miðlum:

Upplýsingasíða á ensku www.rig.is

Miðasala á midi.is

[Facebook](#)

[Twitter](#)

[Instagram](#)

[Youtube](#)